

## Því dæmist rétt vera:

Afrýjendurnir, Sigurður Sigurfinnsson, Jón Einarsson og Magnús Guðmundsson fyrir hönd Bataábyrgðarfélags Vestmanneyja eiga að vera sýknir af kröfum stefndu, Einars Jónssonar, Sigmundar Finnssonar, Arna Filippussonar, Tómasar M. Guðjónssonar, Ólafs Jónssonar og Magnúsar Þórðarsonar í þessu máli. Málskostnaður fyrir undirrétti og yfirdómi falli niður.

Nr. 26/1913.

Réttvísir

gegn

Guðmundi Bergmann Þorsteinssyni.

## D ó m u r :

Með aukaréttardómi Ísafjarðarkaupstaðar, uppkeðnum 26. júní f. á., var ákærði, unglingspiltur Guðmundur Bergmann Þorsteinsson á Ísafirði, dæmdur fyrir nauðgunartilraun samkvæmt 169. sbr. 47. gr. almennra hegningarlaga og með tilliti til 40. gr. þeirra til að sæta 6×5 daga fangelsi við vatn og brauð, en þó þannig, að hegningunni skyldi frestað og hún síðar niður falla ef fullnægt yrði skilyrðum laga nr. 39, 16. nóv. 1907. Svo var og ákærði dæmdur til að greiða allan sakarkostnaðinn. Þessum dómi hefir af réttarins hálfu verið skotið til yfirdómsins.

Það er með játningu ákærða, sem kemur heim við aðrar skýrslur málsins, löglega sannað, að skírdagskvöld

4. apríl 1912 hittu hann á götu á Ísafirði vinnukonuna Bjargey Hólmfríði Eyólfsdóttur, sem var á gangi þar með annari stúlku, og slóst í för með þeim. Skildu stúlkurnar um kl. 11 og falaðist ákærði þá eftir samræði við Hólmfríði og bauð henni peninga til, en hún neitaði. Fór hún svo leiðar sinnar heim til sín, en hann elti hana, og er hún kom að húsi því, er hún átti heima, hrifsaði hann af henni sjalið og reif það, réðst á hana, brá fyrir hana fæti og felldi hana, svifti svo upp um hana pilsunum og lagðist ofan á hana, reyndi með höndunum að taka fötin frá skapnaði hennar og gjörði tilraun til að troða sjalinu upp í munn henni, er hún veinaði. Ákærði gat þó ekkert að gert fyrir einbeittri mótspyrnu stúlkunnar, sem æpti um hjálp, og hætti hann þá við svo búið og hljóp burtu. Ákærði hefir kannast við, að stúlkun hafi ekki gefið sér neitt tilefni til að ætla að hún myndi vilja verða við ósk hans um samræði, og hann hefir játað, að hann hafi haft fullan vilja á að komast yfir hana með valdi; hinsvegar heldur hann því fram, að hann hafi ekki ætlað að skemma stúlkuna eða beita við hana ofbeldi, er hætta væri af fyrir heilsu hennar, og ekkert sást á stúlkunni eftir viðureign þeirra.

Ákærði hafði verið nokkuð við vín við umrætt tækifæri, eða, eins og hann hefir sjálfur komist að orði, verið dálítið kendur: en það er ekki ástæða til að ætla, að það hafi haft áhrif á sakhæfi hans.

Ákærði er fæddur 9. júlí 1892 og hefir eigi áður sætt refsingu eða verið kærður fyrir neitt lagabrot. Afbrot hans, er að framan var lýst, var að visu tilraun til að ná með valdi samræði við umgetna stúlku, en eins og valdbeitingunni var háttað, virðist ekki eiga að telja brot



hans reglulega nauðgun, slíka sem 169. gr. hegningarlaganna ræðir um, heldur ber að heimfæra það undir 212. og 186. gr. hegningarlaganna, og þykir rétt að ákveða refsinguna fyrir það 4×5 daga fangelsi við vatn og brauð. Yfirdómurinn felst á ákvæði dómsins um frestun á fullnustu refsingarinnar, samkvæmt lögum nr. 39, 16. nóv. 1907, og um ákvæði hans um málskostnaðinn í héraði. Ákærða ber og að greiða allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin málfærslulaun til sækjanda og verjanda fyrir yfirdóminum, er ákveðst 15 kr. til hvors þeirra.

Rekstur málsins í héraði hefir verið vítalaus og málfærslan fyrir yfirdóminum lögmæt.

#### Því dæmist rétt vera:

Refsing ákærða, Guðmundar Bergmanns Þorsteinsonar, skal ákveðin 4×5 daga fangelsi við vatn og brauð. Að öðru leyti skal aukaréttardóminum óraskað, þó svo, að frestur refsingarinnar teljist frá uppsögn þessa yfirréttardóms. Ákærði greiði allan af áfrýjun málsins leiðandi kostnað, þar með talin málfærslulaun skipaðs sækjanda og skipaðs verjanda fyrir yfirdóminum, yfirréttarmálaflutningsmannanna Eggerts Claessens og Odds Gíslasonar, 15 kr. til hvors þeirra.

Dóminum að fullnægja með aðför að lögum.